

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum, 9. gr. laga um skipa-mælingar nr. 146/2002, 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, með síðari breytingum, 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996, 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, með síðari breytingum, 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003 og lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2004 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl. nr. 587/2002, með breytingu nr. 641/2002.

Samgönguráðuneytinu, 17. desember 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUR

um (2.) breytingu á reglum nr. 401/2000 um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar, lyfja og þjálfunar.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum taka til eftirfarandi læknis-, lyfja- og þjálf-unarkostnaðar sjúkratryggðs sem stofnast hefur hérlandis:

- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við læknishjálpar, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttimælingar skv. 4. gr., 5. gr., 6. gr., 1. mgr. 9. gr., 13. gr. og 14. gr. reglugerðar nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
- Hluta sjúkratryggðs í kostnaði við nauðsynleg lyf skv. 5. gr., 6. gr. og 11. gr. reglugerðar nr. 948/2000 um greiðslu almannatrygginga í lyfjakostnaði, með síðari breytingum.
- Lyf vegna barna til 18 ára aldurs sem afgreidd eru út á lyfseðil.
- Hluta sjúkratryggðs í sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun skv. reglugerð nr. 841/2002 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í þjálfun, með síðari breytingum.

2. gr.

3. gr. orðast svo:

Viðmiðunarmörk vegna endurgreiðslu eru eftirfarandi:

**Árstekjur fjölskyldu
næsta almanaksár
á undan**

undir 1.749.999
1.750.000-2.649.999
2.650.000-3.749.999
3.750.000 og yfir

**Grunnkostnaður
3 mánuðir**

0,7% af tekjum
0,7% af tekjum
0,7%

**Þátttaka TR
umfram
grunnkostnað**

90%
75%
60%
0

Einstaklingar með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast til fjölskyldu.

Tekjur miðast við árstekjur árið á undan, en heimilt er að víkja frá því ef um verulega lækkun tekna er að ræða svo sem vegna alvarlegra veikinda eða atvinnumissis. Fyrir hvert barn í fjölskyldu dragast kr. 260.000 frá árstekjum.

Grunnkostnaður miðast við 3 mánuði í senn. Einstaklingur/fjölskylda greiðir grunnkostnað sem miðast við 0,7% af tekjum en fær endurgreitt hlutfall af útgjöldum umfram grunnkostnaðinn. Endurgreiðsluhlutfallið lækkar með hækkandi tekjum. Þegar árstekjur hafa náð kr. 3.750.000 er ekki lengur um endurgreiðslu að ræða samkvæmt þessum reglum, sbr. þó 3. mgr. ef um börn er að ræða.

Ekki verður greidd út lægri upphæð en kr. 1.000.

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru með heimild í 12. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. desember 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr
Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, sbr. reglugerð nr. 915/2002.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 62.121 kr. kemur: 65.227 kr.
- b. Í stað 86.096 kr. kemur: 90.401 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað 39.232 kr. kemur: 40.409 kr.
- b. Í stað 88.544 kr. kemur: 91.200 kr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, öðlast gildi 1. janúar 2004. Enn fremur falla úr gildi 1. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 915/2002, um breytingu á reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, nr. 909/2000, sbr. reglugerð nr. 969/2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 2003.

Árni Magnússon.

Hermann Sæmundsson.